

Nd.

403. Breytingartillögur

við frv. til stjórnarskipunarlaganna um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, 18. maí 1920 (þskj. 383).

Frá Magnúsi Pjeturssyni.

1. Við 7. gr. Greinin hljóði þannig:

26. gr. sömu laga orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 36 þjóðkjörnir menn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 24 þingmenn, en 12 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.

Þingmenn skulu kosnir óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum. Þó má með lögum ákveða, að þingmenn Reykjavíkurkaup-

staðar skuli kosnir hlutbundnum kosningum, og gilda þá um kjörgengi og kosningarrjett sömu reglur, sem við óhlutbundnar kosningar.

2. Við 8. gr. Greinin verði þannig:
27. gr. sömu laga orðist svo:
Þingmenn skulu kosnir til 6 ára.
3. Við 10. gr. Á eftir henni komi ný grein:
30. gr. sömu laga orðist svo:
Kjörgengur til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrjett á.
Þó má kjósa þann mann, sem heima á utan kjördæmis eða hefir átt heima þar skemur en eitt ár.
Þó eru ekki kjörgengir dómendur þeir, sem ekki hafa umboðs-
störf á hendi.
4. Við ákvæði um stundarsakir. Þau skulu orðuð þannig:
Umboð landskjörinna þingmanna fellur niður þá er lög þessi
öðlast gildi.